

3. Frumvarp

til hjúalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

I. KAFLI.

1. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda að eins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rjett hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemmri tíma en misseri hniga því að eins undir lög þessi, að þeir standi til næsta hjúaskildaga á eftir og ei skemur en 3 mánuði.

2. gr.

Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

3. gr.

Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí og 1. október.

Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að fornu hefir verið venja, hniga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

4. gr.

Þegar samið er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningar um vistráðin af nýju.

Sanni ógift vinnukona að hún eigi kost á giftingu, áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar-fyrirvara.

Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

Á skildaga er hjúi rjett að víkja úr vist á hádegi.

5. gr.

Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvisi sje um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þenna án endurgjalds hjá hjúinu.

Nú getur hjúið ekki farið í vistina þegar þess er viljað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálfst kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan 3ja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistráðanna ef hann vill.

6. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðastan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma er húsbóndi ekki bundinn við vistráðin, nema hann innan tveggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að biða hjúsins lengur en viku frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

7. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbænda sinna, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Hjúið á heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, og að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðar fresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í fristundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

8. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánadarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til þess að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupíð hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistar tímann hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistar tímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistar mánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistar mánuð o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistrarráðunum er löglega lokið.

Ef ekki er öðru vísi um samið, teljast $\frac{3}{4}$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október (sumarkaup).

Við lok vistar tíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

Ef vistrarráðunum lýkur fyr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rjett til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistráðunum stóð verið frá vinnu, án þess sjúkdómi sje um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rjett til kaups fyrir þann tíma.

9. gr.

Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast og er húsbóndi þess skyldur að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rjett til að flytja hann á opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins ef læknir telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótt hættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sje sjerlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

Sjúkt, rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sótt næm. Ef húsbóndi samt flytur hjúíð burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur, lýst því að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn bar svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúíð á opinbert sjúkrahús.

10. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálts og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

11. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

12. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs nje húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkræfæði — alt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúíð verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki á sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

13. gr.

Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu júní til september eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal hjú einskis í missa af kaupum sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er, og það getur ekki int af hendi störf sín.

14. gr.

Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sjerstaka hjúkr-un, dvöl á sjúkrahúsi eða annari slíkri stofnun, er húsbónda óskilyt að greiða nema þegar svo stendur á, sem segir í 9. gr. 3. mgr. og 11. gr.

15. gr.

Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

16. gr.

Deyi hjú í vist eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupiau, sem álita verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfje, ef með þarf.

17. gr.

Þótt hjú sje ráðið til ákveðinna starfa skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. Ef hjú með samningi er beinlinis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk áttu að vinna.

18. gr.

Ef hjú í kaupstað eða þorpi sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglíngaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

19. gr.

Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búí, ef búnaður stendur. Þá er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðunum á almennum skildaga með 2ja mánaða fyrirvara eða frá 1. degi mánaðar með 3ja mánaða fyrirvara.

20. gr.

Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi, þar sem ekki er gengist við arfi og skuldum, hefir hjú, sbr. 83. gr. 5 b. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, for-göngurjett til kaups og matarverðs, þó eigi fyrir lengri tíma aftur en eitt ár að telja frá næsta almennum hjúaskildaga áður en gjaldprotaskiftin hófust eða húsbóndi ljest. Nú er vistarráðunum haldið áfram við búíð, samkv. 19. gr. og ber þá að svara kröfu hjúsins fyrir þann tíma úr búinu óskiftu, sbr. 82. gr. b. skiftalaganna.

21. gr.

Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúíð átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt skal hann ennfremur greiða, hjúí kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 28. gr. ef hann hefir ekki látið hjúíð vita um flutninginn 4 vikum hið skemsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúíð flytur í vistinu alt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sjerstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sjer fyrir hjúíð.

Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúíð er komið í vistina gilda samskonar ákvæði.

22. gr.

Hjúí er vitalaust að koma ekki í vistina ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, misþyrmt hjúí eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúí verið ókunnugt um þessar sakir þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina þegar það fær vitnesku um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónða, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúíð aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

23. gr.

Hjúí er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um stórvægilegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,
2. leitast við að tæla hjúíð til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að sliku og húsbóndi veitir hjúinu ekki tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúíð að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlyningu eða heilsuspillandi húsnæði,
4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,
5. geldur hjúí ekki kaup í ákveðinn tíma þótt krafist sje,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu,
7. skipar því að vinna verk, sem það að lögum ekki er skylt til.

24. gr.

Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi sjeu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónða bætur, sem svara til helmings áskilins kaups fyrir

umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni greiði það sömu bætur miðað við vistartímann, sem eftir er.

Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 23. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 28. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

25. gr.

Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku ef hann getur sannað:

1. að hjúíð hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almennisáliti er svivirðilegur,
2. að hjúíð hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sje óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,
3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blektur með fölskum vitnisburðum um hjúíð,
4. að hjúíð kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

Þetta, sem talið hefir verið, skiftir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann rjed hjúíð.

Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúíð er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að vikja hjúinu úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa.

26. gr.

Húsbóndi má þegar visa hjúí úr vist, er hann getur sannað, að hjúíð hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum eða ef framferði þess er injöð ábótavant, svo sem ef hjúíð:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svivirðilegur,
2. leggur hönd á húsbóndann, eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
3. sýnir húsbóndanum, eða þeim, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,
4. tælir börn á heimilinu til illverka,
5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm,
8. af ásettu ráði spillir eigum húsbónda, eða misþýrmir skepnum, sem það á að hirða,
9. sýnir af sér megent og itrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

Þegar hjúí er visað úr vist af einhverjum ástæðum, sem taldar eru í þessari og 25. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

27. gr.

Ef húsbóndi ólöglega riftar vistarráðum eða visar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því i bætur upphæð, sem er jöfn helmingi áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma og matarverð fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

28. gr.

Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar i hjerði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. KAFLI.

29. gr.

Viðskifti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Samningsákvæði, sem koma i bága við 9. gr. 3. mgr. 1. másl., eru þó ógild. Ennfremur má hjúið ekki afsala sjer fyrirfram neinum réttindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr. og afsal slikra réttinda siðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sérstakur vistarsamningur gjörður milli aðilja og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. KAFLI.

30. gr.

Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðunum skal farið sem venjuleg einkamál.

31. gr.

Brot gegn 7. og 18. gr. varða sektum frá 10—200 kr., er renna i rikis-sjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum frá 10—200 kr. Mál útaf þessu eiga einnig undir lögreglurjett.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 og 16.—21. gr. fátækralaganna frá 10. jan. 1905. Ennfremur er úr gildi numin 7. gr. tilsk. 5. mars 1734 og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma i bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það munu ekki vera skiftar skoðanir um það, að vinnuhjúatilskipunin frá 26. jan. 1866 sje nú orðin og hafi verið um nokkuð skeið allmjög á eftir tímanum. Til þeirrar lagasetningar var þó vandað einkarvel, enda höfðu um hana fjallað hinir vitrustu menn, bæði utan þings og innan. Lögín voru á sínum tíma óefað bæði hentug og góð; en þjóðlíf vort hefir tekið svo miklum stakkaskiftum á nálega 60 ára tímabili, að það er síst að undra, þótt svo nákvæmar reglur eins og tilskipunin geymir, geti ekki haldist óbreyttar og verið jafn vel við hæfi eftir að mikilvægar skipulagsbreytingar innan þjóðfjelagsins hafa átt sjer stað og tíðarandinn gjörbreyst á marga lund. Síðan tilskipunin var sett hafa með lögum engar breytingar verið á henni gerðar nema að litlu leyti í greinum þeim, sem teknar eru úr henni upp í fátækralögin 1905, 16.—21. gr. þeirra. En þótt lög-gjafarvaldið hafi ekki látið málið til sín taka, þá hefir bæði almenningur fundið, að mörg ákvæði tilskipunarinnar ættu ekki eins vel við nú orðið og áður hafði verið, og hins vegar leikur mikill vafi á því, hvort tilskipunin geti átt við um þau vistarráð sem nú eru tíðust orðin, nefnilega misserisvistirnar, en svo má kalla, þótt ekki alveg nákvæmt sje, vistir um tímabilin frá 14. maí til 1. okt. og frá 1. okt. til 14. maí. Í kaupstöðum eru þessir vistarsamningar orðnir svo almennir, að ársvistir eru þar undantekning. Til sveita eru ársvistir aftur nokkuð tíðari en í kaupstöðum, en vistarsamningar til skemri tíma munu og einnig þar vera engu ótíðari. Þó mun 1. okt. ekki vera eins reglubundinn skildagi þar, þótt um vist frá hausti til vors sje að eins að ræða, sem í kaupstöðum. Tímabilinu frá 14. maí til hausts er og títt skift í tvent, sem sje vorvinnu og kaupavinnu (sumarvinnu). Þegar nú svo er, að ársvistirnar eru orðnar snögt um fátíðari en misserisvistirnar og hæpið er, hvort tilskipuninni verður beitt um hinar síðar-nefndu, þá hefir tilskipunin verulega mist í framkvæmdinni hið upprunalega gildi sitt og þegar hjer við bætist, að ekki allfá ákvæði hennar eru orðin lítt not-hæf, virðist fyllilega tími til kominn að endurskoða hana í heild.

Þeir kunna nú að vera til, sem segja, að nákvæmar lagareglur um vistarsamninga sjeu ekki nauðsynlegri en lagaákvæði um aðra vinnu- og verksamninga, en slík lagasetning er ekki til í löggjöf vorri nema að litlu leyti. En hjer til er því að svara, að vistarsamningar eru talsvert sjerstaks eðlis og svo er og hitt það tíðasta, að milli aðilja er samið oftast að eins munnlega og innihald samningsins venjulega ekki um annað en um kaup og vistartíma og enn fremur um hver verk hjúin skuli vinna. Nú er sambúðin milli húsbænda og hjúa svo náin, að það er sjerstaklega hætt við, að snurða geti hlaupið á um samkomu-lagið, út af einu eða öðru, og því er það nauðsynlegra um þessa samninga en flesta aðra verksamninga, að hvor aðili um sig viti í aðalatriðum um skyldur sínar og rjettindi gagnvart hinum. Að þessar reglur sjeu til, getur bæði leyst aðilja úr vanda og óvissu og spornað í rikum mæli gegn því, að hinn minni máttar verði beittur rangindum í viðskiftunum. Fyrir þjóðfjelagið er það því harla mikilvægt að eiga rjettlát lög á þessu sviði.

Nú er þess að gæta í hjúamálum, að þar er annar aðilinn, hjúid, venju-lega ungur að aldri, óþroskað og óharðnað ungmenni. Á þeim árum, sem vinnuhjúatilskipunin kom í lög var margur maðurinn í hjúastjett, sem hafði náð full-

orðins aldri; rjetturinn til lausamensku var mjög takmarkaður og vistarskylda í lögum. Við lágasetningu um vistarráð ber nú að taka tillit til þessa, einnig með hliðsjón af því, að almenn mentun er orðin aukin og útbreiddari en þá var og sjálfstæðis- og sjálfræðishugsun ríkari orðin með breyttum tíðaranda. Samningafrelsið þykir því ekki mega hefta meira en frekast verður komist af með. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er nú byggt á þessum grundvelli. Lögnum er beinlínis að eins ætlað að taka til samninga um vistarráð hjúa, sem ekki eru lögráða. Um leið og lögin innihalda reglur um skyldur og rjettindi aðilja, eru þau eftir tilgangi sínum jafnframt verndarlög fyrir vissa stjett manna í þjóðfjelaginu, unglinga, á aldrinum 16—21 árs, sem ráða sig í vist. Þessir unglingar eiga tíðum fáa vandamenn eða aðstandendur, sem megnugir eru að veita þeim lið ef í harðbakka slær. Þess vegna hvílir það á þjóðfjelaginu, að veita þeim sjerstaka vernd sína. Með þetta fyrir augum, er það skýrt tekið fram, að frá reglum laganna má ekki vikja til óhags unglingum. Ef hjúið er lögráða, víkur málinu öðruvísi við, og er þar, samkv. II. kafla laganna, gefinn laus taumurinn nema í nokkrum atriðum, sem frá sjónarmiði þjóðfjelsagsins verður að setja skorður við að ekki sje út af brugðið.

Það þykir ekki þörf á að skilgreina hugtökin »hjú« og »vist« því að það er svo samgróíð hugsun manna hvað í þeim orðum felst. Lögnum er ætlað að koma í stað tilskipunarinnar frá 26. jan. 1866, og innihald hennar er tæmt og tekið upp í frumvarpið eftir því sem við þykir eiga. Það skal tekið fram, að við samning frumvarpsins er höfð hliðsjón af dönskum lögum frá 6. maí 1921 um Retsforholdet mellem Husbond og Medhjælpere, sem komu í stað hjúalaganna frá 1854. Þessar almennu athugasemdir skulu láttnar nægja og vísað til þess, sem sagt verður hjer á eftir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. og 2. málsgr. vísast til þess, er sagt var hjer á undan. Rjett þykir að binda vistarsamning við einhvern tíma og er þá ekki nema um tvo vegi að ræða. Annað hvort að láta lögin ná aðeins til vistráða milli skildaga, eða þá að láta þau ná til vinnusamninga til mánaðar. Þesskonar samningar eru til í Reykjavík, að því er stúlkur snertir, en eru þó enn svo fátíðir, að naumast mun tími til kominn, að láta þá falla undir lögin. Fyrri stefnunni er því fylgt hjer, þó þannig, að vinnusamninga, sem eftir innihaldi sínu eiga að ná til næsta skildaga, en eru ekki stofnaðir fyr en nokkuð er liðið á vistarmisserið, geti fallið innundir lögin, ef vistarráðin eru minst 3 mánuðir.

Um 2. gr.

Þessi grein svarar til 1. gr. tilsk. 1866. Hjer er miðað við sama aldur og þar, þótt orðið sjálfráða sje haft í stað 16 ára aldurs, enda alt eins heppilegt að einskorða samningshæfið við það að vera sjálfráða, í stað aldurstakmarks.

Um 3. gr.

Í samræmi við venju þá er myndast hefir, þykir sjálfsagt að löghelga 1. okt. sem hjúaskildaga jafnhliða 14. maí. Að setja skildagana á öðrum tíma, til þess að vstartímabilin gætu orðið nokkurn veginn jafn löng, þykir margra ástæðna vegna ekki ráðlegt. 2. og 3. málsgr. er í samræmi við tilsk. 1866, en

hjer þótti rjett að taka það skýrt fram, að hálfisdags-»vistir« þær, sem allmjög tíðkast í kaupstöðum, helst í Reykjavík, sje ekki vist í skilningi laganna og hnigi því ekki undir lögin.

Um 4. gr.

Rjett þykir að taka það upp sem reglu um ársvist og misserisvist, að uppsögn þurfi ekki. Um hinar síðarnefndu vistir er það nú almenn venja. Undantekning er gerð um skemri vistarráð, sem oftast mundu miðuð við 1. dag mánaðar og vel virðist eiga við að annarhvor aðili láti það beinlínis í ljósi, ef vistarráðin eiga ekki að haldast lengur en upprunalega hefir verið tiltekið. Sanngjarnnt þykir, að kona sem á kost á giftingu, geti með mánaðar fyrirvara sagt upp vistarráðum til næsta skildaga.

Um 5. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru í samræmi við eldri ákvæði um skyldu húsbónda að vitja hjús. Þykir þó ekki vert, að láta þessa skyldu ná lengra en tíðkast hefir, það er að segja, binda hana við árshjú. Síðasti másl. greinarinnar er nýmæli, sem verður að teljast sanngjarnnt og eðlilegt, að húsbónda sje heimilað þegar svo stendur á, að vera laus vistarráðanna, því að það getur staðið honum á miklu.

Um 6. gr.

Um hvern tíma dags hjú skuli í síðasta lagi koma í vist, þykir nauðsynlegt að ákveða. Komutíminn verður að miðast við burtfararstund hjús úr vist, sbr. 4. gr., og þá jafnframt að taka tillit til vegalengdar og þess farkosts, sem hjúíð verður að sæta, ef meta á, hvort sök er hjá hjúinu þegar koma þess í vist dregst fram yfir hinn tilsetta tíma. Frestir þeir, sem greinin tiltekur, þykja settir við hæfi.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 14. gr. tilsk. 1866, en ákvæði þeirrar greinar óbreytt eiga ekki lengur við alment. Til sveita eru misjafnar venjur um hlunnindi, sem hjú hafa, t. d. skæðaskinn. Heimagerða leðurskó eða sauðskinnskó, fá hjú viðast auk kaups, en aftur á móti ekki útlendan skófatnað, sem á síðustu árum hefir rutt sjer mikið til rúms allvíða til sveita. Í kaupstöðum er aftur mestmegnis notaður útlendur skófatnaður, að eins nota stúlkur sumstaðar islenska sauðskinnsskó sem inniskó. Um þjónustu er nokkuð svipað að segja. Það hagar öðruvísi til í sveitum en kaupstöðum. Frumvarpsgreinin lætur vera svigrúm fyrir, að þær venjur um hlunnindi, sem nú eiga sjer stað, geti haldið áfram að gilda og þróast, enda mun það hollast. Tillagan um, að hjú eigi heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, þykir nauðsynleg af þrifnaðarlegum og heilbrigðislegum ástæðum, en auðvitað er ekki ætlast til, að þetta ákvæði sje færnt út í þær öfgar, að hjú megi ekki vera færnt saman nótt og nótt, til að rýma fyrir gestum. Um kröfuna til hreinna rekkjuvöða og handklæðis verður væntanlega enginn ágreiningur. Síðasti máslíður greinarinnar er nýmæli í lögum, sem telja verður mjög þarft, ekki síst í kaupstöðum.

Um 8. gr.

Að húsbóndi sje skyldur að greiða hjúi kaupíð, að meira eða minna leyti, eftir því sem líður á vistartímann þykir sjálfsagt, og jafnframt hentugt að setja bein fyrirmæli þar um. Þegar samið er um mánaðarkaup, liggur næst að líta svo á, að meining aðilja hafi verið að ákveða mánaðarlega greiðslu við lok hvers mánaðar. Hjer í Reykjavík, þar sem slíkir samningar munu aðallega tíðkast, er kaupíð venjulega greitt í lok hvers mánaðar, en hins vegar gæti það verið hættulegt fyrir hjúið, að hafa ekki kröfu til kaupsins fyr en eftir 2 mánuði.

Þá er kaup er ákveðið í einu lagi fyrir vistartímann, er meiri vandi á ferðum um sanngjarnlega ákvörðun gjalddaganna, ekki síst þar sem greiðslufall á gjalddaga á að varða því, að hjúið geti fyrirvaralaust gengið úr vistinni, sbr. 23. gr., 5. lið.

Hjer er því lagt til, að jafnan standi inni hjá húsbónda tveggja mánaða kaup, svo sem gert er í tilsvarandi grein dónsku hjúalaganna. Þessi regla virðist á góðum rökum byggð, þegar annars vegar er tekið tillit til þeirra hlunninda, sem hjú njóta, og hins vegar til þess, að húsbóndi hefir eðlilegan rjett til að halda hæfilegri upphæð sem tryggingu fyrir skaðabótum, ef hjú riftar vistarráðum ólöglega, til að standast kostnað við lækningu hjús, t. d. læknissókn, sem gera má ráð fyrir, að húsbóndi verði að kosta til bráðabirgða eða standa í ábyrgð fyrir o. s. frv.

Hið áfallna kaup er engan veginn hlutfallslegt kaup miðað við tímalengd. Sem næst rjettu mun vera að telja kaupíð fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október, $\frac{3}{4}$ hluta af árskaupi, og $\frac{3}{4}$ hluta af sumarkaupinu (svo má kalla kaupíð fyrir tímabilið $\frac{14}{5} - \frac{1}{10}$), kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október.

Ef árskaupið er t. a. m. 600 kr., þá er sumarkaupíð 450 kr., en 150 kr. vetrarkaupíð, eða fyrir tímabilið 1. október til 14. maí, og kaupíð fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október $\frac{3}{4}$ af 450 kr. = kr. 337,50.

Eftir þessu fjelli árskaupið þannig í gjalddaga, eins og segir í greininni ef miðað er við 600 króna árskaup og við að vistartíminn byrji 14. maí:

14. ágúst	kaup fyrir 1. vistarmán.	kr. 56,25.
14. sept.	— — 2.	—	— 56,25.
14. okt.	— — 3.	—	— 135,00.
14. nóv.	— — 4.	—	— 135,00.
14. desbr.	— — 5.	—	— 77,50.
og úr því 20 kr. á mánuði		— 140,00.

Ef vistartíminn er frá 1. okt. til 14. maí, er gert ráð fyrir jafnri kaupgreiðslu mánaðarlega.

Um 9.—12. gr.

Fyrirmæli þessara greina eru yfirleitt samhljóða gildandi lögum. Í 9. gr. eru tekin upp almenn fyrirmæli um flvernig húsbónda sje skylt að haga sjer gagnvart hjúi, sem er sjúkt. Er það bert tekið fram, að húsbóndi hafi ekki án samþykkis hjúsins rjett til að flytja það á sjúkrahús, nema læknir telji það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sóttþættu fyrir heimilið.

Ákvæðið um vitskert hjú er nýmæli, en nauðsyn þess virðist auðsæ.

Í 10. og 11. gr. eru samskonar fyrirmæli og í 16. og 17. gr. fátækralag-

anna. 12. gr. frumvarpsins svarar til 18. gr. fátækralaganna. Hjer er það tekið upp, að húsbóndi skuli skyldur að fæða hjúið alt að fjórðungi vistráðningartímans ókeypis og er það í samræmi við eldra ákvæðið þegar talað var um árshjú. Skylda húsbónnda við sjúkt hjú, á að vera söm, hvort hjúið liggur utan heimilis eða ekki og þykir því verða náð best á þann hátt, að húsbóndi greiði legukostnað, sem svarar matarverði. Ef hjúið liggur á sjúkrahúsi mun oftast nær 1. gr. laga nr. 61 frá 1921 koma til framkvæmda.

Um 13. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru sniðin eftir ákvæðum í 23. gr. tilsk. frá 1866. Getur hjer verið um nokkurt álitamál að ræða á tvo vegu, en eldri fyrirmælin voru ætíð talin sanngjörn og því er þeim fylgt hjer svo langt, sem við getur átt.

Um 14.—16. gr.

Ákvæði 14. gr. eru nánast til þess að taka af öll tvímæli um það, hvern kostnað húsbóndi skuli skyldur að bera og er í samræmi við næstu greinar á undan. Aftur hefir 15. gr. að geyma ákvæði sem sjerstaklega miða til sanngirni gagnvart húsbónnda. Fyrirmæli 16. gr. eru samhljóða gildandi lögum.

Um 17. gr.

Þessi grein er í höfuðatriðinu samhljóða ákvæði í 16. gr. tilsk. frá 1866. Siðari málsgr. er til að tryggja og staðfesta samningsbundinn rjett hjúsins.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði er sniðið eftir samskonar ákvæði í dönsku lögnum, sem nefnd voru hjer að framan og þykir að svo miklu leyti, sem greinin tiltekur, einnig eiga við hjer á landi.

Um 19. og 20. gr.

Fyrirmæli þessara greina eru í samræmi við gildandi lög, þó er siðari málsgrein 19. gr. nýmæli sem virðist geta verið hentugt að beita þegar svo stendur á.

Um 21. gr.

Er í höfuðatriðinu í samræmi við gildandi lög og þarf ekki skýringar.

Um 22. gr.

Með þessari grein er stefnt að því að vernda hjúið frá því að vera samvistum við húsbónnda sem hefir það í fari sínu, sem getur um í greininni. Slikir húsbændur verða að teljast til viðvörunar og vísir til ills framferðis gagnvart hjúinu og að spilla siðgæðishugsjón þess, ef það kemur í hús þeirra. Í hinum eldri lögum voru engin tilsvarandi fyrirmæli.

Um 23. gr.

Þessi grein svarar til 29. gr. tilsk. frá 1866. En hjer er farin sú leið, að telja burtgönguástæðurnar upp í dæmum, en ekki tæmandi og hins vegar er lögð á hjúid sönnunarskyldan fyrir því, að lögmæt orsök til burtgöngu sje fyrir hendi. Um refsing og skaðabætur, sem húsbónda bæri að þola, þykir ekki ástæða til að taka neitt fram, því að um slíkt fer eftir almennum lögum, sbr. og síðustu máls-grein næstu greinar.

Um 24. gr.

Í þessari grein er rætt um viðurlög þegar hjú gengur úr vist. Felast í greininni tilsvarendi ákvæði og í 12. gr. og í niðurlagi 29. gr. tilsk. frá 1866. Þar eru bætur settar jafnar umsömdu kaupi fyrir allan vistartímann, en í frv. eru bæturnar miðaðar við helming kaups og virðist það nægilegt, sem og ákvæðun-um um matarverð stilt í hóf.

Um 25. og 26. gr.

Þessar greinar svara til 7. og 27. gr. tilsk. frá 1866. En hjer er fylgt sömu reglu og áður, að riftingarástæður og burtvísunar eru taldar upp í dæmum en ekki ætlað að vera tæmandi.

Um 27. gr.

Þessi gr. svarar til 11. gr. tilsk. 1866, en bætur eru ákveðnar hjer á sama hátt og í 24. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Matarverð er ekki unt á þessum tímum að setja með ákveðinni upphæð, en óhætt virðist að fastákveða lágmarksmatarverð og til þess að ákveða matar-verðið virðist lögreglustjóri ekki ófallinn.

Um II. kafla.

Hjer vísast til þess, sem áður var sagt alment um frv. og virðist frekari skýring ekki þörf.

Um III. kafla.

Hjúamál teljast nú til þess flokks mála, sem kölluð eru einkalögreglu-mál. Þetta var mjög eðlilegt þegar athugaður er sá tíðarandi, sem var ríkjandi á þeim árum og fyrir þann tíma, er tilsk. frá 1866 varð til. Til sveita var hilst til að taka þessi mál fyrir á manntalsþingi svo aðiljar þyrftu ekki að greiða dómaramum ferðakostnað. Nú krefjast menn greiðari rjettargangs en svo, að við slíkt fyrirkomulag megi una. Það virðist ekki heldur vera nein sjerstök ástæða til að láta ekki reglur almennra einkamála gilda um þessi efni, þar sem sökin er einkarjettar eðlis, en þar sem svo er ekki, ber auðvitað að fara eftir almenn-um reglum um opinber mál. Hjer er því gert ráð fyrir, að með hjúamál sje farið

sem einkamál. Þessi mál eru einmitt einkarvel fallin til að leggjast fyrir sáttanefndir.

Annars þykir ekki þurfa að fara fleirum orðum um þenna kafla en geta þess að eins, að rjett þótti að nota tækifærið lil að nema úr gildi 7. gr. tilsk. 5. mars 1734.